

FRAMKVÆMD STYRKJAREGLNA 2017



Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar

*Greinargerð til
borgarráðs •
R18030018*

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
YFIRLIT YFIR STYRKI OG SAMNINGA	3
HELSTU ÁBENDINGAR FJÁRMÁLASKRIFSTOFU.....	6

INNGANGUR

Borgarráð samþykkti hinn 15. mars 2012 nýjar reglur Reykjavíkurborgar um styrki, samstarfssamninga og þjónustusamninga og markmið, skilgreiningar og formreglur sem þar eru settar fram um styrkveitingar og gerð þessara samninga. Tilgangurinn var með setningu reglnanna var að samræma meðferð styrkveitinga hjá Reykjavíkurborg og um leið að skapa tækifæri til bættrar upplýsingagjafar og eftirlits. Gert var ráð fyrir að styrkjareglur fagræða yrðu aðlagðar þessum reglum þannig að fulls samræmis væri gætt. Með nýju styrkjareglunum var líka gerð sú breyting að einungis má gera bindandi styrkjasamninga til eins árs byggða á fjárheimildum fjárhagsáætlunar. Eigi styrkur eða samningur að standa til lengri tíma ber að gera fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt síðari fjárhagsáætlunum. Þetta er meginregla hjá ríkinu. Þá er gert ráð fyrir að styrkjaafgreiðslum fagræða sé lokið eigi síðar en í lok janúar ár hvert.

Í samræmi við styrkjareglurnar skal fjármálaskrifstofa árlega taka saman greinargerð fyrir borgarráð um styrkveitingar, samstarfssamninga og þjónustusamninga og hvernig til hefur tekist að ná markmiðum borgarinnar. Greinargerð þessi byggir annars vegar á gögnum úr fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar (Agresso) og hins vegar á svörum sviðsstjóra við fyrirspurnum fjármálaskrifstofu um framkvæmdina. Vert er að benda á það að FMS bærust einungis svör um framkvæmd styrkjareglna 2017 frá ÍTR, SFS, MAR og SBB þrátt fyrir ítrekanir.

Árið 2017 er fimmta heila árið sem reglurnar gilda. Undanfarin ár hefur verið unnið að ýmsum minniháttar umbótum eftir því sem reynslan hefur kallað á. Almenn er framkvæmd á upphaflegum styrkjareglum komin í gott horf og unnið hefur verið ötullega á öllum sviðum að fullnægja þeim kröfum og formreglum sem settar voru með styrkjareglunum.

Breytingar sem gerðar voru á reglunum með samþykkt borgarráðs 26. maí 2016 þar sem gerðar voru kröfur um kyngreind gögn hafa ekki komið til framkvæmda nema hjá ÍTR og hjá SFS og drög að breytingum liggja fyrir hjá SBB en önnur svið svöruðu því í fyrra að unnið væri að endurskoðun á verklagsreglum þar sem skilgreint er verklag og ábyrgð hvað kyngreind gögn varðar. Ekki er vitað um hvort allar þær breytingar hafi komið til framkvæmda.

Reykjavík, 10. apríl 2018

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

YFIRLIT YFIR STYRKI OG SAMNINGA

Í meðfylgjandi yfirlitum eru teknar saman samtölur styrkja, samstarfssamninga og þjónustusamninga eftir sviðum. Litið er á samninga við íþróttafélög sem samstarfssamninga og samninga við einkarekna leik- og grunnskóla sem þjónustusamninga. Samningar við Strætó bs, Sorpu bs, og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins eru flokkaðir sem þjónustusamningar en þeir falla ekki undir þessar reglur. Jafnframt eru tekin saman óafturkræf stofnframlög sem ekki hafa komið fyrir áður við vinnslu samantektar um styrki og samninga.

Jafnframt fylgja með samtölur yfir styrkveitingar í formi fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta en þessar styrkveitingar eru undanþegnar styrkjareglum enda gilda sérreglur um þær.


Greitt var á grundvelli mörg hundruð samninga á árinu 2017 sem nánast allir eru skannaðir í Agresso. Alls hafa verið skannaðir rúmlega 2.900 samningar í fjárhagsbókhaldskerfi borgarinnar (Agresso), frá því byrjað var að vinna efir ofangreindum reglum, þar af eru yfir 730 samningar virkir á árunum 2017 og áfram. Um 45 samningar voru skráðir í Agresso með enga lokadagsetningu / gildistíma eða með gildistíma umfram þriggja ára reglu um hámarksgildistíma en þeir hafa nú allflestir verið lagfærðir og réttur gildistími settur inn.

Styrkir á árinu 2017

Alls voru greiddar um 907,8 mkr vegna styrkveitinga og skiptust styrkfjárhæðir þannig eftir sviðum/málaflokkum:

YFIRLIT YFIR STYRKFJÁRHÆÐIR Á ÁRINU 2017

Svið	Styrkfjárhæðir 2017
Íþrótt- og tómstundasvið	108.037.638
Menningar- og ferðamálasvið	378.235.000
Mannréttindaskrifstofa	13.210.000
Skóla- og frístundasvið	22.046.089
Umhverfis- og skipulagssvið	18.157.400
Velferðarsvið	217.669.497
Borgarráð; styrkir og samningsb.	150.416.488
Samtals	907.772.112




Samstarfssamningar á árinu 2017

Alls voru greiddar tæpar 7.317 mkr vegna samstarfssamninga á árinu 2017 og skiptust samningsfjárhæðir þannig eftir sviðum/málaflokkum.

SAMNINGSFJÁRHÆÐIR SAMSTARFSSAMNINGA Á ÁRINU 2017


Svið	Samn.fjárhæðir 2017
Íþróttar- og tómstundasvið	2.869.838.197
Menningar- og ferðamálasvið	1.933.897.358
Mannréttindaskrifstofa	0
Skrifstofa borgarstjórnar	1.656.200
Skóla- og frístundasvið	1.396.943.153
Umhverfis- og skipulagssvið RK	612.896.829
Velferðarsvið	474.438.989
Borgarráð	27.250.000
Samtals	7.316.920.726

**Þjónustusamningar á árinu 2017**

Alls voru greiddar um 8.847,6 mkr vegna þjónustusamninga og skiptust samningsfjárhæðir þannig eftir sviðum/málaflokkum:

SAMNINGSFJÁRHÆÐIR ÞJÓNUSTUSAMNINGA Á ÁRINU 2017

Svið	Samn.fjárhæðir 2017
Íþrótt- og tómstundasvið	3.901.962
Skóla- og frístundasvið	3.534.517.098
Velferðarsvið	2.413.719.573
Samningar við Strætó, Sorpu og SHS	2.895.546.761
Samtals	8.847.685.394
Óafturkræf stofnframlög	673.745.603
Fjárhagsaðstoð ofl. VEL	2.083.087.375
Samtals	2.756.832.978



Samningsbundnar greiðslur (framlög) vegna Strætó bs, Sorpu bs og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs eru flokkaðar hér með þjónustusamningum en falla ekki undir ofangreindar reglur.

Aðrir styrkir áður ótaldir

Greiðslur vegna velferðarmála á árinu 2017 vegna fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta heyra ekki undir þessar reglur en námu 2.083,1 mkr.

Óafturkræf stofnframlög vegna Nauthólsvegar 83 og 87, kr. 673,7 millj. eru flokkuð hér undir en slík framlög hafa ekki verið veitt áður og ekki komið fram í skýrslu FMS fyrr.

Heildargreiðslur á árinu 2017

Heildargreiðslur á árinu 2017 vegna styrkja, samstarfssamninga og þjónustusamninga auk styrkveitinga vegna velferðarmála, styrkja vegna innri leigu ofl. námu 19.829 mkr. og hækkuðu um 10,2% frá árinu 2016.

HEILDARFJÁRHÆÐIR SAMNINGA Á ÁRINU 2017	
Svið	Samn.fjárhæðir 2017
Íþrótta- og tómstundasvið	2.981.777.797
Menningar- og ferðamálasvið	2.312.132.358
Mannréttindaskrifstofa	13.210.000
Skóla- og frístundasvið	4.953.506.340
Umhverfis- og skipulagssvið	631.054.229
Velferðarsvið	5.188.915.434
Borgarráð; styrkir og samningsb.	3.074.869.449
Óafturkræf stofnframlög	673.745.603
Samtals	19.829.211.210

HELSTU ÁBENDINGAR FJÁRMÁLASKRIFSTOFU

Fjármálaskrifstofa sendi ítarlegan spurningarlista til sviða vegna framkvæmd styrkjareglna árið 2017. Það er ljóst að mjög miklar breytingar hafa átt sér stað undanfarin ár og það er mat fjármálaskrifstofu að skýrar markmiðssetningar, skilgreiningar og formreglur um styrkveitingar, gerð samstarfssamninga og gerð þjónustusamninga í styrkjahandbókinni hafi skapað nýjan og traustari grunn fyrir samræmdri málsmeðferð hjá Reykjavíkurborg og meðhöndlun samninga hjá sviðum og skrifstofum hefur orðið mikil, aðgengileiki að gögnum er gjörbreyttur og eftirlit.

Allir samningar eru skráðir í Agresso svo og ábyrgaðaraðilar þeirra. Hér er ein meginbreytingin sem orðið hefur með þeim reglum sem tóku gildi 2012. Aðgengileiki samninga, skráning, gildistími ofl. eru nú undantekningarlaust í Agresso. Athugasemdir voru gerðar við gildistíma nokkurra samninga í skýrslu FMS vegna styrkja 2016 og við skoðun samninga vegna styrkja 2017 voru um 45 samningar skráðir með rangan gildistíma. Komin er staðfesting frá öllum sviðum um að öllum þessum samningum hafi nú verið breytt eða samningstími sé réttur.

Góð vinnubrögð, verklag og utanumhald einkennir framkvæmd styrkjareglna og meðhöndlun samninga hjá sviðum og skrifstofum og hefur orðið mikil breyting á fáum árum. Af þessu leiðir að aðgengileiki að gögnum er gjörbreyttur og eftirlit sömuleiðis. Áframhaldandi þróun að þessu leyti mun leiða til enn betri upplýsingagjafar. Þannig virðist megintilgangur nýrra reglna um styrkjamálin hafa gengið eftir.

Fjármálaskrifstofa óskaði sérstaklega eftir að gerð yrði grein fyrir framkvæmd á samþykkt borgarráðs 26. maí 2016 þar sem styrkjareglum var breytt.

Fjármálaskrifstofa kallaði eftir upplýsingum um hvort reglum sviða vegna styrkveitinga, samstarfssamninga og þjónustusamninga hafi verið breytt í samræmi við ofangreinda samþykkt borgarráðs og þá með hvaða hætti. Kallað var eftir upplýsingum um hvernig framkvæmdinni var háttað og hvar og hvernig kyngreind gögn eru vistuð.

Af svörum sviða er ljóst að einungis reglum hefur verið breytt hjá ÍTR og nýtt verlag innleitt hjá SFS. Í skýrslu FMS varðandi styrkjamálin 2016 voru önnur svið með þessi mál í vinnslu en þar sem svör bárust einungis frá ÍTR og SFS, MAR og SBB vegna ársins 2017 er ekki hægt að fullyrða um hver staðan er í raun hjá öðrum sviðum. Varðandi skil styrkþega á kyngreindum gögnum þá fær ÍTR yfirlit yfir þátttöku í einstökum íþróttafélögum í félagsstarfi sem ráðið styrkir. Koma þessa upplýsingar fram í skýrslum

félaganna um þátttöku, í ársskýrslum og öðrum gögnum sem ráðinu og sviðinu berst reglulega. Þá heldur ÍTR utan um upplýsingar á frístundakortinu þar sem koma fram nákvæm kyngreind gögn um þátttöku í styrkhæfri starfsemi á vegum félaga. Reglulega eru upplýsingar um þessi atriði lögð fyrir íprótta- og tómstundaráð.

Þá hefur ÍTR bætt inn ákvæði í samninga við styrkþega um að þeir skuli skila upplýsingum til ÍTR með kyngreindum gögnum um starfsemi viðkomandi félags eftir því sem við á.

Ekki er hægt að sjá annað en þær breytingar sem gerðar hafa verið á þessum reglum hjá ÍTR séu til fyrirmyndar.

Hjá skrifstofu borgarráðs og borgarritara liggja frammi ósamþykkt drög að verklagsreglum um gerð samninga fyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og eftirlit með þeim liggja fyrir, þar sem hugað er að þeim efnisatriðum sem samþykkt borgarráðs fól í sér.

Gott samstarf hefur verið milli FMS og sviða Reykjavíkurborgar með útfærslu og framkvæmd styrkjareglanna. Bent hefur verið á að styrkjahandbók mætti einfalda og hún jafnvel talin of löng og flókin í dag. Bent hefur verið á að endurskoða mætti verklag við afgreiðslu umsókna og samræma breytingar á eyðublöðum umsókna og greinargerða sem styrkþegar þurfa að skila inn. Hefur það verið til umræðu. Hins vegar telja svið Reykjavíkurborgar og FMS að ávinningurinn af þessu verklagi sé mikill og talin m.a.: Bætt og fagleg vinnubrögð, meiri skilvirkni og eftirfylgd, aukin samræming á milli allra sviða borgarinnar og aukins gagnsæis.

Rétt er að benda á það að FMS bærust einungis svör frá ÍTR, SFS, MAR og SBB varðandi framkvæmd styrkjareglna 2017 þrátt fyrir ítrekanir.

Viðtakendur styrkja og mótaðilar í samstarfs- og þjónustusamningum 2017

[illegible]

